



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 40. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR (AUKAFUNDUR) KJÖRTÍMABILIÐ 2010 – 2014 7. FUNDUR ÁRSINS VERÐUR HALDINN MIÐVIKUDAGINN 3. JÚLÍ 2013 KL. 11.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2013, þann 3. júlí 2013 kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til aukafundar kl. 11.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

### **Erindi til sveitarstjórnar:**

1. Deiliskipulag í Kerlingarfjöllum.

### **Gengið til dagskrár:**

#### **1. Deiliskipulag í Kerlingarfjöllum.**

Lögð var fram að nýju endurskoðuð tillaga að deiliskipulagi ferðapjónustusvæðis Fannborgar í Ásgarði, Kerlingarfjöllum, þar sem komið hefur verið til móts við athugasemdir og ábendingar sem fram koma í fyrirbyggjandi umsögnum Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Samvinnunefndar miðhálandisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Fornleifaverndar ríkisins varðandi áður auglýsta tillögu. Nú liggur jafnframt fyrir undanþága Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins frá ákvæðum skipulagsreglugerðar varðandi fjarlægð mannvirkja frá Ásgarðsá.

Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa tillöguna skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem megin efni deiliskipulagsins hefur verið kynnt með auglýsingu skv. eldri skipulagslögum telur sveitarstjórn ekki þörf á að vinna lýsingu fyrir deiliskipulagið skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 né kynna tillöguna skv. 4. mgr. 40. gr. laganna.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 11:10.